

Fundur Oddvitaneftndar UTU haldinn á skrifstofu Bláskógabyggðar í Reykholti mánudaginn 2. september 2019, kl. 15.00.

Mætt voru, Björgvin Skafti Bjarnason Halldóra Hjörleifsdóttir, Helgi Kjartansson, Ingibjörg Harðardóttir, Árni Eiríksson og Ásta B. Ólafsdóttir.

Fundinn sátu einnig Jón G. Valgeirsson, Ásta Stefánsdóttir, Kristófer Tómasson, Valtýr Valtýsson, Eydís Indriðadóttir, Ása Valdís Árnadóttir, Hannibal Kjartansson og Bjarni Daníelsson.

Helgi stjórnaði fundi og Jón ritaði fundargerð.

Dagskrá

### 1. Skoðunarferð í Gullfossgirðingu.

Á undan fundinum var farið í skoðunarferð með Landgræðslunni í Gullfossgirðinguna á Hrunamannafrétti þar sem seyrinni er dreift til landgræðslu og framkvæmdir skoðaðar á Seyrustöðum á Flúðum.

### 2. Sumarið og staðan nú.

Fulltrúar Bláskógabyggðar og Grímsnes- og Grafningshrepps fóru yfir stöðuna í sínum sveitarfélögum en talsvert er eftir af rauðum punktum vegna ótæmdra rotþróa og einnig eitthvað eftir af ótæmdum síðan í fyrra. Mikið álag er á skrifstofur sveitarfélaganna, mikið um hringingar og úrræði þeirra sem taka símtölin takmörkuð. Lýstu þau áhyggjum af haustinu, t.d. á Þingvallsvæðinu, ótæmdum rotþróum frá því í fyrra og stórum rotþróum í Bláskógabyggð. Fram kom að vandamálin eru eingöngu varðandi sumarhús en vandræðalaust virðist vera varðandi tæmingar hjá íbúðarhúsum og öðrum aðilum.

Hannibal fór yfir stöðuna á Map.is og fram kom að fyrir utan vandamálaþrær þá væri verkefnið á áætlun, bæði varðandi svæði ársins 2019 og líka varðandi ótæmdar rotþrær síðan í fyrra. Hins vegar eru margar vandamálaþrær vegna aðgengisvandamála út af trjágróðri, hliðum, fjarlægðum og ónýtum/lélegum rotþróum sem erfitt er að leysa. Vandamálin snúa nær eingöngu að Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshreppi en þau eru óveruleg í öðrum sveitarfélögum. Fram kom að gert væri ráð fyrir að Hreinsitækni myndi vera við vinnu út september en seyrubíllinn okkar út október ef veður og verkefni leyfa.

### 3. Þjónustustig.

Rætt var um þjónustustigið varðandi tæmingu rotþróa og hvort það hefði lækkað eftir að sveitarfélögin tóku yfir verkefnið. Rotþrær sem virðast hafa verið tæmdar áður eru nú ekki tæmdar og rætt um samhengi þess við þjónustugjöld. Einnig var farið yfir þann tækjakost sem þyrfti og hefði verið notaður til að tæma rotþrær með erfiðu aðgengi en gæði þeirrar þjónustu virðast hafa verið mjög mismunandi. Hannibal benti þó á að gæði þeirrar þjónustu, þar sem hægt er að veita hana, virðast vera betri þar sem mikið meira magn berst af seyr og þá hafa grunsemdir vaknað að um hvort raunverulegar tæmingar hafi átt sér stað þrátt fyrir skráningar. Fundarmenn voru sammála um að betri aðgengismál væru grunnurinn fyrir betri þjónustu og síðan væru trúlega 200-300 rotþær þar sem mjög erfitt væri að veita fullkomna þjónustu.

### 4. Framtíðin.

Rætt var um hvert ætti að stefna með verkefnið. Ljóst er að það þarf að vera fyrir hendi fjölbreyttur tækjakostur til tæmingar, hvort sem tækin eru í eigu sveitarfélaganna eða einkaaðila. Þá þarf að meta hvort sveitarfélögin eigi að sjá alfarið um tæmingar, bjóða út/semja um þjónustuna að hluta eða sjá um hana sjálfir. Það þarf að skoða tímanlega með samninga við þjónustuaðila og einnig að kostnaðarmeta hlutina og taka ákvarðanir um kaup á hentugum tækjum til tæmingar ef sveitarfélögin sjái alfarið um þjónustuna.

Fram kom að fundarmenn voru sammála um að það þyrfti að ráða starfsmann sérstaklega í seyrumálin sem myndi verða tengiliður milli fasteignareiganda og seyruverkefnis sveitarfélaga. Þá þarf að huga að því hvernig nýjar rotþrær eru skráðar inn í gagngrunninn og samræma aðgerðir við UTU, Heilbrigðiseftirlit, Brunavarnir o.fl. til að ná árangri í aðgengismálum. Samþykkt var að leggja

til að að ráðinn verði starfsmaður í fullt starf til að sinna þessum málum og öðrum sem kann að fylgja þessum málaflokkum, þ.e. seyrumálum og eftir atvikum úrgangsmálum almennt ef hægt væri að koma því við. Sá starfmaður væri þá hluti af seyruverkefninu og kostnaður við hann gerður upp í tengslum við verkefnið. Jóni, Ástu og Ingibjörgu falið að vinna drög að starfslýsingu og auglýsingu vegna slíks starfsmanns. Þá þarf að liggja fyrir samþykki sveitarstjórna sveitarfélaganna um að um fara í slíka ráðningu.

**5. Kostnaðarskipting.**

Rætt var um breytingar á kostnaðarskiptingu milli sveitarfélaga. Ljóst er það þarf að taka meira tillit til fasts kostnaðar í uppgjöri við rekstur á móttöku á seyr og rekstur á hreinsibifreið en fjárfestingarkostnaðarskiptingin trúlega í lagi. Jóni falið að koma með tillögur að breytingum.

**6. Annað.**

Hannibal og Jón fóru yfir stöðu mála varðandi byggingu aðstöðuhúsinsins á Seyrustöðum á Flúðum. Verkið er komið af stað og byrjað að reka niður súlur fyrir undirstöður. Ekkert óvænt hefur komið upp og reiknað er með að verkið sé nú að komast á fulla ferð og nokkuð í samræmi við tímaáætlanir. Jón ætlar að senda verkfundargerðir til sveitarfélagana til upplýsingar.

Fundi slitið kl. 16:30.